


# UPPBYGGINGARSTEFNA Í SMÁRASKÓLA



## **Diane Gossen**

### **frá Kanada höfundur hugmyndafræðinnar**

- Hefur unnið með kennurum víða um heim í rúm tuttugu ár, einkum þó í Kanada og Bandaríkjunum, við að þróa þessa aðferð.
- Hefur þróað hagnýtar vinnuaðferðir fyrir skóla út frá hugmyndafræði William Glasser um *gæðaskólann*, en hún lærði hjá Glasser og starfaði hjá stofnun hans í tuttugu ár.
- Gossen byggir einnig á rannsóknum um heilastarfsemi og styðst við rannsóknir Eric Jensen um neikvæð áhrif ógnunar á námsgetu og rannsóknir Alfie Kohn um neikvæð áhrif umbunarkerfa.



*Diane Gossen  
frá Kanada  
höfundur  
hugmynda-*

## **UPPBYGGINGARSTEFNA-UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR ER LEIÐ TIL AÐ ÝTA UNDIR JÁKVÆÐ SAMSKIPTI**


- Byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.
- Miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga og læra af mistökum í samskiptum.
- Ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
- Þjálfar börn í að vera þau sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum.
- Gefur innri styrk og aukið sjálfstraust.
- Skapar skilyrði til að barnið geti lagfært mistök sín, snúið aftur til hópsins og vaxið við hverja raun.

## GRUNDVALLARÞARFIR

- Nemendur læra hverjar 5 grundvallarþarfir eru (sjá mynd að neðan)
- Þeir þjálfast í að skoða hvernig þeir geta uppfyllt þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á þeim sem í kringum þá eru.
- Þeir þjálfast líka í því að ræða um þarfir sínar og tilfinningar og að leysa ágreining á jákvæðan hátt.
- Við tökum mið af því að allir nemendur þurfi að finna fyrir öryggi, umhyggju, frelsi, gleði og að þeir ráði við verkefnin.
- Við höfum þessar grunnþarfir í fyrirrúmi í okkar skipulagi.

### Þarfahringurinn

**Love-**  
**umhyggja**  
Ást  
Félagsskapur  
Vinátta  
Vera með



**Power-**  
**stjórn-**  
Færni  
Bestur  
Árangur

**Freedom-**  
**frelsi**

Val  
Sjálfsforræði

Sjálfstæði

**Fun-gleði**

Ánægja  
Hamingja  
Lærdómsgleði  
Hlátur



## ***Bekkjarsáttmálar***

Við vinnum að bekkjarsáttmála í upphafi skólaárs og byggjum á þeim lífs-gildum sem við komum okkur saman um að skipti mestu máli í daglegu lífi.

Við vitum að það er farsælla að fá nemendur til að vinna að bekkjarreglum með okkur en að ákveða þær einhliða.

Við vitum að við þvingum ekki fram námsáhuga.

Við vitum að forsenda náms er að nemandinn sjái tilgang í því sem hann er að gera og útskýrum þess vegna fyrir honum hvers vegna námið er mikilvægt.

Við vitum að það er mikilvægt fyrir nemendur að hafa stundum frelsi til að velja um viðfangsefni.



## SMÁRASKÓLI

***Við viljum að allir átti sig á hlutverki sínu. Það gerum við með því að setja upp mitt og þitt hlutverk bæði með nemendum í bekkjarstarfi og starfsmönnum skólans.***



## Markmið skólaársins 2009-2010

- Að allir bekkir komi sér upp bekkjarsáttmála
- Að foreldrar og kennarar ræði um gildi sín við nemendur hvernig manneskjur þeir vilji vera hvað—þeim þykir mikilvægt í fjölskyldunni.
- Að allir ræði hlutverkin sín- hvað er þeirra hlutverk og hvað er ekki þeirra hlutverk
- Að allir kynni sér þarfahringinn og skoði þarfir sínar
- Við stefnum að því að setja okkur viðmið og skýra vinnuferla um þolmörk og viðurlög og fylgja þeim eftir
- Við stefnum að því að allir nemendur starfsmenn og foreldrar séu meðvitaðir um þolmörkin og viðurlögin

